

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, stækkun frístundasvæðis í Lundsskógi í Fnjóskadal, Þingeyjarsveit.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. október 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 frá 14. október 2002.

Breytingin felst í því að frístundarbyggðarsvæði í Lundsskógi í Fnjóskadal er stækkað úr um 20 ha í um 60 ha og gert er ráð fyrir um 55 húsum á svæðinu í stað 25-30.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 6. október 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um nafn sameinaðs sveitarfélags Búðahrepps og Stöðvarhrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Eskifirði hinn 1. október 2003 við sameiningu Búðahrepps og Stöðvarhrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 552/2003.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Austurbyggð.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. október 2003.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fjarðabyggð.

Nýtt deiliskipulag iðnaðarsvæðis Nes 1.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 24. ágúst 2003 samþykkt deiliskipulagið Nes 1, Fjarðabyggð. Deiliskipulagið tekur til iðnaðarsvæðis vestan hafnarsvæðis, austan Hjallaness og sunnan Fagradsbrautar á Reyðarfirði.